

## 206. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 24. nóvember 2005 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG  
Elísabet Lára Björgvinsóttir, ELB  
Eyþór Benediktsson, EB  
Dagný Þórisdóttir, DÞ  
Sigurborg Sturludóttir varamaður, SS  
Davíð Sveinsson, DS  
Guðmundur Kristinsson, GK  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF  
Þór Örn Jónsson bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

#### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 398, dags. 8.11.2005.

**Fundargerðin er í 12 tölusettum liðum.**

**Liður 1.5. Fundargerð þjónustuhóp aldraðra. Samþykkt að íbúar sem átt hafa lögheimili í Stykkishólmi s.l. tvö ár, njóti forgangs við úthlutun íbúða fyrir aldraðra á meðan biðlisti er. Til máls tóku: EB, GK, DS og ELB**

**Liður 2.2.1. Samþykkt að svæðið við Nesveg verði deiliskipulagt. Til máls tóku: DS, EF, GK og RG**

**Liður 5 samþykktur.**

**Liður 7 samþykkt að afskrifa kröfur að upphæð kr. 1.613.523.**

**Liður 8 samþykkt lán vegna lántöku Jeratúns ehf. Til máls tóku: DS, EF, DÞ og GK**

**Liður 9 Samþykkt að taka lágsta tilboði frá Stefán Björgvinssyni að upphæð kr. 3.341.338. Samskonar girðing og á Snoppu valin að upphæð kr. 1.160.184. Til máls tóku: DS, EF og DÞ**

**Liður 11 samþykkt heimild til bæjarstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda Sumarbússtöðum ehf. kr. 2.819.150.**

**Allir tóku til máls.**

**Liður 3 samþykkt að selja Kaupfélagi Borgfirðinga hlutafé Stykkishólmsbæjar í Vesturlandi hf.**

**Til máls tóku: EF, RG, GK, ELB og DS**

**Umræður urðu um aðra liði, allir tóku til máls.**

**Fundargerðin samþykkt samhljóða.**

- 1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 399, dags. 17.11.2005.  
**Fundargerðin er í 10 tölusetnum liðum.**  
**Liður 1.1. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar.**  
**Liðir 1,2,3,4,5,7 og 9 samþykktir. Davíð greiddi atkvæði á móti lið 2, Guðmundur og Sigurborg sátu hjá við lið 2. Til máls tóku: DS, RG og GK**  
**Fundargerðin samþykkt samhljóða.**  
**Liður 3 menningarsamningar samþykktir. Til máls tóku: DÞ, DS og RG**  
**Liður 4 Bæjarstjóra falið að koma athugasemdum Stykkishólmsbæjar á framfæri. Til máls tóku: EF og RG**  
**Liður 7 samþykkt að styrkja Þroskahjálp um kr. 100.000 rekstrarframlag. Allir tóku til máls.**  
**Liður 10 samþykkt að veita Körfuknattsdeild Snæfells styrk kr. 200.000. Til máls tóku: EF, ELB, RG og DS**

## 2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 7.11.2005.  
**Fundargerð framlögð og samþykkt. Allir tóku til máls.**
- 2.2. Fundargerðir safna- og menningarmálanefndar, dags. 17.10. og 24.10.2005.  
**Fundargerðir afgreiddar samhljóða. Allir tóku til máls.**
- 2.3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.11.2005.  
**Fundargerð afgreidd fyrir á fundinum.**
- 2.4. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla, dags. 31.10.2005.  
**Fundargerð framlögð og samþykkt.**
- 2.5. Fundargerð stefnumörkunarnefndar um skólahúsnæði, dags. 1.11.2005.  
**Fundargerð framlögð og samþykkt. Til máls tóku: DÞ, EB, RG og ELB**
- 2.6. Fundargerðir nefndar um stefnumörkun í málefnum aldraðra, dags. 8.9., 26.9., 3.10., 19.10. og 31.10.2005.  
**Fundargerðir afgreiddar samhljóða. Til máls tóku: EB og ELB**
- 2.7. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 3.11.2005.  
**Fundargerð framlögð og samþykkt. Til máls tóku: EB, RG, DS og ELB**

## 3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 fyrir Stykkishólmsbæ og stofnanir hans, fyrri umræða.

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um að útsvar fyrir árið 2006 verði óbreytt miðað við fyrra ár þ.e. 13.03%.

Tillaga að álagningu fasteignagjalda árið 2006.

Fasteignaskattur A-flokkur	0,43%
Fasteignaskattur B-flokkur	1,65%
Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis	2,00%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis	2,50%
Lóðarleiga ræktunarland	6,00%
Holræsagjald íbúðarhúsnæði	0,20%
Holræsagjald atvinnuhúsnæði	0,20%

**Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld pr. flát/tunnu 19.000 kr.**

**Staðgreiðsluafsláttur 3% til þeirra sem greiða fyrir 1. mars 2006 öll fasteignagjöld og eru skuldlausir við bæjarsjóð og fyrirtæki bæjarins.**

**Sorphirðu og/eða sorpeyðingagjöld af fyrirtækjum verði innheimt skv. sérstakri gjaldskrá.**

**Fasteignaskattur verði felldur niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem njóta fullrar tekjutryggingar og búa í eigin húsnæði. Þeir sem hafa skerta tekjutryggingu fái 50% afslátt af fasteignaskatti.**

**Gjalddagar fasteignagjalda verða 5 talsins á tveggja mánaða fresti þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október, fyrst 1. febrúar 2006. Bæjarstjórn samþykkir tillögurnar samhljóða.**

**Stykkishólmsbær mun innheimta vatnsgjald fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og er gjaldskráin með eftirfarandi hætti: fastagjald = kr. 3.317 og fermetragjald kr. 146 á hvern fermetur.**

**Fjárhagsáætlun fyrir 2006 vísað til seinni umræðu í bæjarstjórn og til frekari vinnslu í bæjarráði. Allir tóku til máls.**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:47

Þór Örn Jónsson bæjarritari